



**FUNDARGERÐ**  
**43. fundur Odda bs**  
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 21. september 2021**  
**og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Björk Grétarsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Elín Grétarsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Valtýr Valtýsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Klara Viðarsdóttir sat fundinn undir liðum 1-2. Ingigerður Stefánsdóttir og Sigrún Björk Benediktsdóttir sátu fundinn undir lið 7.

**Dagskrá:**

**1. Rekstraryfirlit Odda bs 2021 - 2101034**

*Yfirlit um rekstur janúar-ágúst*

Lagt fram til kynningar yfirlit um rekstur Odda bs janúar-ágúst. Ljóst þykir að undirbúa þarf viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2021 og er gert ráð fyrir því að taka hann fyrir á næsta fundi ásamt frekari gögnum um ástæður aukins kostnaðar.

**2. Rekstraráætlun 2022 - Oddi bs - 2105037**

*Unnið hefur verið að s.k. núlláætlunum með skólastjórum. Tímasetja þarf vinnufundi stjórnar í október.*

Farið yfir skipulag vinnu við fjárhagsáætlun og áhersluatriði. Reiknað er með vinnudögum stjórnar með skólastjórnendum varðandi fjárhagsáætlun dagana 12. og 13. október kl 8:00-12:00.

**3. Rannsókn vegna námsverkefnis í MA námi - 2108049**

*Kynningarbréf*

Lagt fram upplýsingabréf vegna MEd rannsóknar í tengslum við þátttöku leikskóla Odda bs í þróunarverkefninu "Snemmtæk íhlutun - mál og læsi". Lagt er til að stjórn Odda bs geri ekki athugasemd við rannsókn þessa sem unnin er undir handleiðslu og skv siðareglum Háskóla Íslands.

Samþykkt samhljóða.

**4. Ályktun frá starfsmönnum Grunnskólans á Hellu - sálfræðingur - 2109029**

*Betri aðgangur að sálfræðiþjónustu.*

Lögð fram yfirlýsing frá starfsmönnum við Grunnskólann á Hellu sem telja afar brýnt að skólar í Rangárbæ hafi beinan aðgang að sálfræðingi sem kæmi reglulega inn í skólana til að sinna viðtölum við nemendur, m.a. vegna tilfinninga- og hegðunarvanda. Skorað er

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'MHG', 'Br', and 'AT'.*

á stjórn Odda bs. að fylgja þessu málefni eftir og leggja sitt af mörkum til að bæta úr sálfræðiþjónustu við skólana sem tilheyra þjónustusvæði Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafelssýslu.

Lagt til að óska eftir því við forstöðumann skólaþjónustunnar að koma á næsta reglulega fund Odda bs til að fara yfir þessi mál.

Samþykkt samhljóða.

**5. Endurskoðun skólastefnu - 1702001**

*Greinargerðir og minnisblöð*

Endurskoðun á skólstefnunni verður tekin fyrir á haustfundi Odda bs þann 5. október n.k. Stefnt er að því að eiga sérstakan fund um þessi mál með skólastjórnendum í nóvember en getur er ráð fyrir því að endurskoðun stefnunnar ljúki fyrir áramót.

**6. Úthlutun úr námsgagnasjóði 2021 - 2109030**

*Frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga.*

Lagt fram til kynningar.

**7. Ytra mat leikskóla Odda bs 2021 - 1909071**

*Sigrún Einarsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir kynna niðurstöðu matsins.*

Menntamálastofnun í samvinnu við Odda bs. hefur nú lokið ytra mati á leikskólum Odda bs. Úttektaraðilar hafa lagt fram skýrslur fyrir hvorn skóla um sig auk sérstakrar samantektar á helstu niðurstöðum. Úttektarskýrslurnar verða nú birtar á heimasíðum sveitarfélaganna og skólanna og starfsmenn og foreldrar hvattir til að kynna sér efni þeirra. Í úttektarskýrslunum koma fram margar gagnlegar ábendingar sem verða nú teknar til skoðunar í hvorum skóla fyrir sig og er því beint til skólanna að greina þessi atriði og hrinda umbótum í framkvæmd.

*Elin Grétarsdóttir vóla af fundi undir lit 8. /UHG (B)*

**8. Trúnaðarmál 05052019 - 1906024**

Fært í trúnaðarmálabók.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt samhljóða.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:20.**

  
Björk Grétarsdóttir

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

*Ásta Berggís Ólafsdóttir*  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

\_\_\_\_\_  
Elín Grétarsdóttir

*Agúst Sigurðsson*  
Agúst Sigurðsson

*Elín Grétarsdóttir*

*UHG*

